

## Maria Palo, 10 ára frá Porto í Portúgal

<http://tungumalatorg.is/sk/>

### Bakgrunnsupplýsingar

Nemandinn Maria Palo, 10 ára frá Porto í Portúgal þar sem hún var í hópi afburðanemenda. Hún er búin að vera á Íslandi í mánuð, en er mjög „frústreruð“ og finnst sér ganga hægt með námið þótt hún leggi sig alla fram. María kom í skólann, sem er staðsettur í meðalstóru sveitarfélagi úti á landi, í október. Hún er í 5. bekk. Foreldrar hennar vinna við þrif. Stúlkan á yngri systkini sem eru í leikskóla.

### NEMANDINN

Gott er er að hjálpa Mariu til að setja sér markmið um námið og félagslega virkni.

Nota sjálfsmat, þannig að hún geti gefið upplýsingar um sjálfa sig .

Einnig er gott að nota athafnarlista - með þeim er hægt að safna upplýsingum um nemandann frá honum sjálfum og foreldrum og sjá þá hvað þau telji mikilvægt í námi barnsins og hvað barnið vill fá út úr skólagöngu sinni.

### SKÓLINN

Skólinn vinni samkvæmt móttökuáætlun sinni eða sveitarfélagsins ef áætlun fyrir skólann er ekki til.

Þarf að framkvæma **mat**, þar sem fundið er út hvar María er stödd, bæði í íslensku og portúgölsku. Finna út áhugasvið, veika og sterka þætti.

Nota tákni með tali, myndir og matslista úr verkfærakistu til að meta stöðu Mariu í íslensku (málnotkun, lestur, orðaforði) og stærðfræði.

Athuga hvort að einhverjar upplýsingar hafi komið með frá Portúgal , ef ekki leita þá upplýsinga um náms- og félagslega stöðu hennar í Portúgalska skólanum.

Kynna sér áhugamál hennar og nýta þau í tengslum við námið.

Fá tíma í sérkennslu/námshöggn við hæfi, sem henni finnast krefjandi út frá niðurstöðu matsins.

Bókasafn skólans útvegar bækur á hennar móðurmáli ef þarf.

Vinna með PALS. Samlestur, paralestur.

Nota orðspil ,orðaleiki, Orðagull, Tölum saman og álíka efni til að kenna Maríu íslenskuna, hugtök og til að auka orðaforða.

Lesskilningsaðferðir kenndar öllum nemendum í bekknum hennar Mariu s.s. KVL, lesskilningsshringurinn, gagnvirkur lestur.

Aðstoð með námsefni bekkjarins. Draga saman meginatriði í því, nota hugtakakort, aðlagað námsefni og námsmat fyrir það. Nýta veraldravefni til að koma þekkingu til hennar á móðurmálinu. Nota námsefni bekkjarins til að kenna nýjan orðaforða.

Athuga með heimanámsaðstoð t.d. heilahristing.

Lesi fyrir hana eða draga saman úr lesefni það sem taka á fyrir í bekk svo hún geti fylgt í verkefnum sem unnin eru.

Kynna fyrir Mariu menningu lands og þjóðar – utan og innan skóla, vettvangsferðir o.fl.

Skólinn fær inn námskeið eins og í fjölmenningarferni til þess að kennarar og annað starfsfólk sé tilbúið til að takast á við nýja menningu.

Skoða **félagslega stöðu** Maríu, áhugamál og líðan, spyrja hana sjálfa og foreldrana með túlki, kennara hennar og jafnvel bekkjarsystkin um það.

Tengja Mariu við félagslega sterka nemendur til að efla hana á jákvæðan hátt .

Kenna nemendum skólans að aðstoða Mariu við að læra íslensku.

Vera með menningarmót, Fljúgandi teppi.

## Samstarf við fjölskyldu.

Funda með foreldrum (með túlki), þar sem þeim er kynnt námsefni Mariu og kanna hvort þau hafi aðgang að sambærilegu efni á portúgölsku, mikilvægt að hún læri ný orð á báðum tungumálum.

Regluleg og góð samskipti og tíðir fundir með foreldrum um stöðuna til að byrja með.

Koma á samvinnu við leikskóla.

## FJÖLSKYLDAN

Kynna og afhenda foreldrum bæklinga/orðalista með útskýringum um allt er varðar skólann, s.s. skólafrídaga, skólaferðalög, félagsmiðstöðvar og þessháttar sbr. móttökuáætlun. Kynna útvistarreglur hér á landi. Kenna foreldrum á Mentor þar sem allar upplýsingar varðandi námið er þar að finna s.s. mætingar o.fl. kynna þeim ábyrgð foreldra á að fylgjast með Mentor.

Fjölskyldan getur nýtt [www.nams.is](http://www.nams.is) og notað vefinn til samvinnunáms auk t.d. [tungumalatorg.is](http://tungumalatorg.is) og [Fjölmenningarsetur](#) Kynna fyrir foreldrunum annað efni sem er í boði á vefnum.

Virkja foreldra til að læra með Maríu til að þau komist betur inn í málið.

Koma á samvinnu við foreldra um að afla námsefnis á portúgölsku.

Benda foreldrum á leiðir í tómsunda- og félagslífi.

Foreldrum kynnt mikilvægi þess að viðhalda móðurmálinu meðal annars með því að tala það heima, lesa með og fyrir barnið og ræða um kvikmyndir og bækur. Þeim bent á að sækja í námsefni eða netefni á móðurmáli þeirra ef þau geta nálgast það.

Fjölskyldan kynni sína menningu.

Horfa til bakgrunn fjölskyldunnar og nýta hann í samskiptum við skólann á jákvæðan hátt.

## NÆRSAMFÉLAGIÐ

Samstarf við bókasafnið með heimanámsaðstoð, heilahristingur.

Kynna nemandann fyrir þeim íþróttum og tómsundum sem eru í boði í sveitarfélaginu. Benda á möguleika á vinnufjölskyldu á vegum Rauða krossins.

Nýta Fjölmenningarsetrið þar sem helstu upplýsingar er að finna um Ísland og sveitarfélagið/nærsamfélagið.

## ÍSLAND

Ríkisborgararéttur, Heilbrigðiskerfi, stjórnarfar, landshættir, menntun, menning.

Sjá einnig um nærsamfélagið og fjölmenningarsetrið á [mcc.is](http://mcc.is).